

# Þæfing utan um stein



## Pæfing utan um stein

### Kennsluleiðbeiningar

Verkefnið hentar fyrir 2.–4. bekk (gott aukaverkefni fyrir eldri nemendur)

### Markmið

Að nemandi

- æfi fínhreyfingar
- þæfi ullarkembur og kynnist íslensku ullinni
- þjálfí sköpunarþáttinn
- læri einfaldan útsaum

(Aðalnámskrá grunnskóla. 1999:40)

### Efni og áhöld

- Steinar (gott að hafa þá ekki of slétta).
- Ullarkembur í nokkrum litum.
- Bakkar.
- Sápuvatn í ílát.
- Handklæði og tuskur.
- Efni til skreytinga t.d. tvinni, útsaumsgarn, perlur, augu, dúskar.

Kennari notar sýnikennslu til þess að sýna nemendum hvernig á að vinna verkefnið (ath. vinnulýsingu). Gott er að sitja við þæfinguna, hafa bakkann á lærunum og nota báðar hendur við þæfinguna. Einnig er gott að sýna nemendum hvernig er hægt að koma í veg fyrir að axlir þeirra verði stífar á meðan á þæfingunni stendur.

Það er mjög gott að raða borðunum þannig að nemendur sitji í hring og kennari geti gengið á milli inni í hringnum og aðstoðað nemendurna við þæfinguna. Hver nemandi fær einn bakka og geta tveir og tveir deilt íláti með sápuvatninu. Til þess að koma í veg fyrir að nemendur setji alltof mikla sápu í vatnið er betra að kennari sjái um að blanda saman vatni og sápu u.þ.b. 2 sprautur af sápu í vatnið.

Þegar nemendur hafa þæft utan um steininn er ullin látin þorna á handklæði eða tusku. Ef nemandi nær ekki að klára þæfinguna er í lagi að láta verkefnið bíða þangað til næst og þá er það bara bleytt á ný þegar nemandinn kemur aftur. Nemandi getur svo skreytt steininn að þurrkun lokinni. Steininn má síðan nota sem óskastein eða bókastoð.

## Athugið!

Ullarkemburnar er hægt að fá í ýmsum litum í Álafossi (í Mosfellsbæ).

Bakkarnir eru til í flestum skólum (hvítu skúffurnar), annars er hægt að fá grunna bakka í Rúmfatalagernum eða Ikea.

Sápan getur verið allt frá handsápu til uppþvottasápu.

Hentugt getur verið að nota þemadaga eða tvær kennslustundir í fjöruferð til að ná í stóra, hringlaga steina.

## Kennsluáætlun

1(-2) kennslustund til þæfingar og svo þarf að láta steininn þorna.

1 kennslustund til skreytingar.

## Þæfing utan um stein

T.d. óskasteinn eða bókastoð

*Gott er að sitja við þæfinguna, hafa bakkann á lærunum og nota báðar hendur við þæfinguna. Passaðu að axlirnar séu ekki stífar.*

## Vinnulýsing

Setjið volgt vatn og u.þ.b.

3 sprautur af sápu í ílát.

Takið kembu og leggið í bakka, leggið steininn ofan á. Pakkið steininum inn í kembuna og leggið svo aðra kembu yfir svo samskeytin lokist og steinninn sé alveg pakkaður inn. Hellið þá vatni á og byrjið að nudda.





Ef kemba hylur ekki steininn er hægt að bæta við kembu utan um hann, bleyta á ný og halda áfram að þæfa.

Ef illa gengur að þæfa er oft gott að setja meiri sápu og halda áfram að þæfa. Þegar steinninn er tilbúinn er hann skolaður upp úr köldu vatni, kreistur í tusku og látinn á handklæði til þerris. Steininn má skreyta og nota hann t.d. sem óskastein eða bókastoð.

